

Reykjavík, 30. mars 2021

Nefndasvið Alþingis
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar
Austurstræti 8–10
101 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á ýmsum lögum vegna stuðnings til smærri innlendra áfengisframleiðenda og heimildar til sölu áfengis á framleiðslustað

Hinn 2. febrúar 2021 lögðu þrír þingmenn framsóknarflokksins fram á Alþingi frumvarp til laga um breyting á ýmsum lögum vegna stuðnings til smærri innlendra áfengisframleiðenda og heimildar til sölu áfengis á framleiðslustað (þskj. 826 í 495. máli). Í frumvarpinu er lagt upp með þær tvær meginbreytingar að innlendum framleiðendum áfengis verði að tilteknum skilyrðum uppfylltum heimilað að selja áfengi í smásölu á framleiðslustað og slíkum framleiðendum verði, einnig að tilteknum skilyrðum uppfylltum, veittur 15–50% afsláttur af áfengisgjöldum.

Lagafrumvarpið hefur verið tekið til skoðunar á vettvangi SVP – Samtaka verslunar og þjónustu og þykir ástæða til að koma eftirfarandi á framfæri.

Hvað varðar heimildir framleiðenda til smásölu áfengis hafa SVP áður lýst afstöðu sinni. Sú afstaða kemur fram í [umsögn samtakanna um 504. mál](#), lagafrumvarp dómsmálaráðherra um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998 (sala á framleiðslustað). Vísa SVP að breyttum breytanda til efnis þeirrar umsagnar.

Þegar kemur að afslætti af áfengisgjöldum til innlendra framleiðenda vilja SVP vekja athygli á ákvæðum EES-samningsins, nánar tiltekið 11. gr. sem leggur bann við magntakmörkunum á innflutningi, svo og öllum sambærilegum ráðstöfunum sem hafa samsvarandi áhrif, og 13. gr. Í síðarnefndu greininni er kveðið á um að ákvæði 11. gr. komi ekki í veg fyrir að leggja megi á vöruinnflutning bönn eða höft sem réttlætast af almennu siðferði, allsherjarreglu, almannaöryggi, vernd lífs og heilsu manna o.s.frv. en þá því aðeins að slík bönn eða höft leiði ekki til gerræðislegrar mismununar eða til þess að duldar hömlur séu lagðar á viðskipti milli samningsaðila.

Verði að veruleika ákvæði frumvarpsins um afslætti af áfengisgjöldum verður sú staða uppi að innlendir framleiðendur áfengis njóta afsláttar á meðan innflytjendur slíka vara frá EES-svæðinu njóta ekki sambærilegra kjara. Í því felst hið minnsta óbein mismunur innlendra og erlendra framleiðenda enda munu erlendir framleiðendur ekki geta notið afsláttarkjaranna nema þeir staðsetji sig á Íslandi. Má í því samhengi m.a. vísa til dóms EFTA-dómstólsins frá 15. mars 2002 í máli ESA gegn Noregi (E-9/00) þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að fyrirkomulag þar sem fjárhæðir gjalda voru misháar eftir flokkum áfengis hefði farið í bága við ákvæði EES-samningsins, m.a. þar sem hærra gjald var lagt á þann vöruflokk sem algengast var að fluttur væri inn frá EES-ríkjunum en þann vöruflokk sem mest var um að væri framleiddur innanlands.

Í ljósi framangreinds leggja SVP til tvær breytingar á lagafrumvarpinu:

1. Að innlend netverslun með áfengi verði heimiluð samhliða heimild innlendra framleiðenda til smásölu á framleiðslustað, og
2. að handhafar innflutningsleyfa áfengis verði felldir undir gildissvið 1. gr. frumvarpsins, þ.e. að bæði þeir og innlendir framleiðendur njóti sambærilegra afslátta af áfengisgjaldi.

Virðingarfyllst,

f.h. SVP – Samtaka verslunar og þjónustu



Andrés Magnússon
framkvæmdastjóri



Benedikt S. Benediktsson
lögfræðingur